

Byggingarlýsing:

Núv. hús á lóðinni skal fjarlægja og byggt nýtt. Húsið er fristundarhús á einni hæð með millilofti. Húsið er timburhús á steyptum grunni einangrað í grind og með útloftuðu sperruþaki.
Húsið skal að öllu leiti byggt í samræmi við gildandi reglugerðir og uppfylla ákvæði skipulagsskilmála.

Sökklar:

Sökklar eru steinsteyptir ofan á þjappaða fyllingu. Niður með sökklum að utanverðu er einangrað með 25mm plasteinangrun 50sm niður fyrir jörð.
Að öðru leiti vísast til verkfr. teikn.

Botnplata:

Botnplata er steinsteypt ofan á þjappaða fyllingu og slípuð.
Undir botnplötu er einangrað með 75mm plasteinangrun.
Hitalagnir eru steyptar í ílögn ofan á botnplötu

Veggir og milliloft:

Útveggir eru 50x150mm timburgrind. Útveggir eru einangraðir með 150mm steinull, rakasperra, rafmagnsgrind og klæðning að innanverðu. Að utanverðu er klætt á grind með 9mm krossvið, 22x50mm loftunargrind og klæðningu. Innveggir eru léttir grindarveggir klæddir plötum og panil.
Milliloft er borið uppi af trébitum sem gólfgrind leggst á. Einangrað er inn í grind og klætt að ofan og neðan.

Gluggar og Hurðir:

Gluggar og hurðir eru úr timbri og allt gler er tvöfalt K-gler.

Þak:

Þak hússins er sperruþak með 30° þakhalla borið uppi af útveggjum og limtrébitum í miðju. Þakið er einangrað með 200mm steinull og útloftað sbr. sérteikn. Neðan á sperrur er sett rakasperra sem fer yfir burðarbita, rafmagnsgrind og loftaklæðning.
Ofan á sperrur er klætt með borðaklæðningu undirlagspappa og báruðum málmplötum.

Lagnir:

Öll lagnakerfi hússins s.s. hiti, vatn, frárennsli, rafmagn og loftræsting eru gerð í samræmi við gildandi reglugerðir og vísast til teikinga verkfræðings.
Hiti lagður með PEX-rörum í gólfplötu og með ofnum.
Vatnslagnir lagðar með ÁL-PEX rörum í veggjum og idráttarrörum.
Frárennsli í jörð lagt með PVC rörum og PP rörum innanhúss.
Raflagnir eru lagðar á hefðbundinn hátt í veggjum gólfi og lofti sbr. reglugerð um raflagnir. sjá teikn. raflagnahönnuðar.

Lóð:

Á lóðinni eru bílastæði sbr. afstöðumynd og verandir ýmist úr timbri steypu eða hellum.
Rotþró er sett sbr. afstöðumynd og skal fylgt ákvæðum heilbrigðisreglugerðar við frágang hennar.

Eldvarnir:

Í öllum herbergjum og bílgeymslu skal komið fyrir reykskynjurum staðsettum í lofti. Slökkvitæki er staðsett í anddyri.
Björgunarop eru í öllum svefnherbergjum og eru þau hliðarhengd min. 1100x800mm með friu umferðarmáli 3800mm.

Litaval húsa skal vera samræmt og gert í samráði við aðalhönnuði.

Stærðir:

lóð nr.	0101 m²	0102. m²	samt. m²	rúmmál m³
64a	75,0	47,5	122,5	324,9

Lóðarstærð 5105m²

Lóðarnýting 0,025

Sumarhús í landi Öndverðarnes Grímsnes og Grafningshreppi
Klapparhólsbraut 1 áður lóð nr. 64a

Afstöðumynd og byggingarlýsing

kvarði 1:100 | teikn. nr. 1

Ingi Gunnar Þórðarson byggingafræðingur bfi kt. 280453-3239
Smiðjuvegur 11 200 Kópavogur
simi 554 3523, 897 3523 fax 554 3523 netf. igth@simnet.is

dags. 11.11.2006 | breytt:

Breytt dags.	Eðli breytinga	Breytt dags.	Eðli breytinga	Breytt dags.	Eðli breytinga	Breytt dags.	Eðli breytinga